

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sæbýli ehf. Búðarstíg, Eyrarbakka



Dags eftirlits	30.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Sæbýli ehf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Búðarstíg 24	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	521007-0600	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Ásgeir E. Guðnason	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávík frá kröfum starfsleyfis kom fram í eftirliti og engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Um litla landeldisstöð í sæeyrnaeldi er að ræða með eldisaðstöðu innandyra. Stöðin stendur við hafnargarðinn á Eyrarbakka og rennur frárennslið í frárennslikerfi bæjarins.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og stöðu frávika
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og staðfest að úrbótum vegna frávika í eftirliti árið 2019 er lokið. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða fyrir árið 2021 og það uppfært m.t.t. stöðu stöðvarinnar í dag.

Í stöðinni eru alin sæeyru. Árið 2020 voru framleidd um 400.000 dýr og er framleiðslutíminn um 3-4 ár. en leyfi er fyrir framleiðslu á 200t af fisk í stöðinni. Minnt er á að starfsleyfið rennur út þann 14. apríl 2023 og sækja þarf um nýtt starfsleyfi í tíma, að lágmarki 8-12 mánuðum fyrir lok gildistímans.

Skv. starfsleyfisskilyrðum skulu skráningar, áætlanir og önnur gögn er varða starfsleyfið vera aðgengileg eftirlitsmanni í eftirliti. Gögnin voru til staðar í rafrænu skráningakerfi. Gæðahandbók er til staðar og þjálfun starfsmanna regluleg.

Síðustu mælingar á efnalosun í frárennsli voru gerðar árið 2019, Matís sá um greiningu sýna og voru niðurstöður mælinga vel innan marka þess sem almennt er miðað við í fiskeldi með fráveitu í sjó en engin viðmiðunarmörk losunar eru tilgreind í starfsleyfi.

Engar breytingar hafa verið gerðar á eldiseiningum í stöðinni né fóðrun fiskanna frá síðasta eftirliti en handfóðrað er í stöðinni. Fóðurnýting er góð og fóðurstuðull um 0,7.

Engin efni eru notuð í stöðinni önnur en NaOH í litlu magni. Öryggisblöð eru til staðar. Lítil daggeymir fyrir olíu er við rafstöð. Óverulegt magn af úrgangi fellur til í stöðinni og lítið sem ekkert af lífrænum úrgangi. Flokkunargámur er til staðar og er sorp flokkað skv. þeim flokkum sem sveitarfélagið býður uppá.

Trygging vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 er til staðar en bent er á, að þar sem um fleiri en eitt leyfi er að ræða á tryggingaskýrteininu, þá skal tilgreina þar staðsetningu þeirra stöðva sem tryggingin á við um. Einnig skal tilgreina á tryggingaskýrteini að váttryggingarupphæð skuli vera að lágmarki 1 milljón SDR fyrir hverja og eina stöð en ekki er heimilt að fram komi að upphæðin eigi við samtals tjón á váttryggingartímabilinu. Að öðrum kosti þarf að gefa út tryggingaskýrteini fyrir hvert og eitt starfsleyfi.

Stöðin er snyrtileg á að líta og umgengni góð.

ÁBENDINGAR

Engin ábending er sett fram í eftirlitinu.

ANNAÐ


Ekki er gerð krafa um að rekstraraðili setji sér umhverfismarkmið í gildandi starfsleyfi. Hins vegar var minnt á það að vel upp sett og virk umhverfismarkmið eru hluti af áhættumati eftirlitsaðila og geta haft áhrif á tíðni eftirlits, sem og komið rekstraraðila að góðu gagni. Til stendur að sækja um ASC vottun fyrir eldið.

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.L

Leiðbeiningaskjal um fráveitu- og fastefnameðhöndlun fiskeldisstöðva á landi var sent með fundarboði eftirlitsins.

Reykjavík, 01.11.2021

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Árnadóttir